

Jóralög í desember 2017

Við kveikjum einu kerti á

(S. Muri/Lilja Kristjánsdóttir)

Spádómskerti:

Við kveikjum einu kerti á,
hans koma nálgast fer,
sem fyrstu jól í jötu lá
og jesúbarnið er.

Betlehemskertri:

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans.
Því Drottin sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.

Hirðakertri:

Við kveikjum þremur kertum á
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

Englakerti:

Við kveikjum fjórum kertum á;
brátt kemur gesturinn
og allar þjóðir þurfa að sjá
að það er frelsarinn.

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólaveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið og ró, útí frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,
inn í frið og ró, útí frosti og snjó, því að
brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Jólasveinninn minn

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn
ætlar að koma í dag.
Með poka af gjöfum og segja sögur
og syngja jólaglag.
Það verður gaman
þegar hann kemur
þá svo hátíðlegt er.
Jólasveinninn minn, káti karlinn minn
kemur með jólin með sér

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn
ætlar að koma í kvöld.
Ofan af fjöllum
með ærslum og köllum
hann labbar um um holtin köld
Hann er svo góður
og blíður við börnin
bæði fátæk og rík
Enginn lendir í jólakettinum
allir fá nýja flík

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn
arkar um holtin köld
Af því að litla jólabarnið
á afmæli í kvöld.
Ró í hjarta, frið og fögnuð
flestir öðlast þá.
Jólasveinninn minn,
komdu karlinn minn,
kætast þá börnin smá.



Folaldið mitt hann Fákur

Folaldið mitt hann Fákur
fæddur var með hvítan hóf
og er hann áfram sentist
öll var gatan reykjakóf.
Hestarnir allir hinir
hæddu Fák og settu hjá
í stað þess að stökkva í leikinn
stóð hann kyrr og horfði á.
Milli élja á jólakvöld
jólasveinninn kom.
Fæ ég þig nú fákurinn
fyrir stóra sleðann minn.
Þá urðu klárar kátir, kölluðu í einni hjörð
Fákur með fótinn hvíta
frægur er um alla jörð.

Gefðu mér gott í skóinn

Höfundur lags: J.Marks

Höfundur texta: Ómar Ragnarsson

Gefðu mér gott í skóinn
góði jólasveinn í nótt.
Úti þú arkar snjóinn,
inni sef ég vært og rótt.
Góði þú mátt ei gleyma,
glugganum er sef ég hjá.
Dásamlegt er að dreyma
dótið sem ég fæ þér frá.

Góði sveinki gættu að skó
gluggakistunni á,
og þú mátt ei arka hjá
án þess að setja neitt í þá.

Gefðu mér einhvað glingur
góði jólasveinn í nótt.
Meðan þú söngva syngur
sef ég bæði vært og rótt.

Ég skil í kvöld eftir skóinn minn

Lag: Halldan Kjerulf

Ljóð: Ingólfur Davíðsson

Ég skil í kvöld eftir skóinn minn
;: út í glugga. ;:
Ó, góði jólasveinn gægstu inn
;: inn um glugga. ;:
Flýt þér að sofna, Marta mín,
á morgun kannski er gjöf til þín
;: út í glugga. ;:
Tra-la-la-la-la.

Í rauðri úlpu um fjöllin fer,
;: jólasveinninn ;:
og stóran poka á baki ber,
;: jólasveinninn. ;:
Hann laumar gjöfum um gluggann inn,
já, gjafir lætur í skóinn þinn
;: inn um glugga. ;:
Tra-la-la-la-la.

Dansaðu vindur

Lag: Peter Grönvall og Nanne Grönvall

Texti : Kristján Hreinsson

Kuldinn hann kemur um jólin
með kolsvarta skugga
krakkarnir kúra í skjóli hjá kerti í glugga
vindur já dansaðu vindur
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt
vindur, já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt
núna nístir í snjónum um nóttina svörtu
nærast á takti og tónum titrandi hjörtu
vindur, já dansaðu vindur
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt
vindur, já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt
vindur, já dansaðu vindur
af vetri fá börn að finna húsaskjól
vindur, já dansaðu vindur
vetur er færir börnum heilög jól

Skreytum hús með greinum grænum

Skreytum hús með greinum grænum
fa la la la la, fa la la la.
Gleði ríkja skal í bænum
fa la la la la, fa la la la.
Tendrum senn á trénu bjarta
fa la la, fa la la, fa la la.
Tendrum ljós í hverju hjarta
fa la la la la, fa la la la.

Ungir gamlir allir syngja
fa la la la la, fa la la la.
Engar sorgir hugann þyngja
fa la la la la, fa la la la.
Jólabjöllur blíðar kalla
fa la la, fa la la, fa la la.
Boða frið um veröld alla
fa la la la la, fa la la la.



Þá nýfæddur jesú

Þá nýfæddur Jesú í Jötunni lá
á jólanum fyrstu var dýrðlegt að sjá,
þá sveimuðu englar frá himninum hans
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu "hallelúja" með hátíðarbrag,
"nú hlotnast guðsbörnum friður í dag",
og fagnandi hirðarnir fengu að sjá
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

Ég bið þig, ó Drottinn, að dvelja mér hjá,
að dýrðina þína ég fái að sjá,
ó blessa þú, Jesú, öll börnin þín hér,
að búa þau fái á himnum með þér.

Texti: Björgvin Jörgensson



Snjókorn falla

Snjókorn falla á allt og alla
börnin leika og skemmta sér
nú ert árstíð kærleika og friðar
komið er að jólastund
Vinir hittast og halda veislur
borða saman jólamat
gefa gjafir - fagna sigri ljóssins
syngja saman jólaglag.

Á jólaball við höldum í kvöld
ég ætl'a' kyssa þig undir mistiltein í kvöld
við kertaljóssins log
Götur ljóma - söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt
bara'ef jólin væru aðeins lengri
en hve gaman væri þá.

Á jólanum er gleði og gaman

:: Á jólanum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm ::

Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:: Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm ::

Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:: Á jólanum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm ::

Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

Lag: Þjóðlag frá Katalóníu

Texti: Friðrik Guðni Þórleifsson

Fleiri jólalög :

Jólasveinar ganga um gólf
Jólasveinar einn og átta
Bráðum koma blessuð jólin
Ég sá mömmu kyssa jólasvein
Fyrst á réttunni
Karl gekk út um
Tvö skref til hægri
Það búa litlir dvergar
Litlu andarungarnir
Babbi segir
Nú er Gunna á nýju skónum
Nú skal segja
Gekk ég yfir sjó og land
Göngum við í kringum
Adam átti syni sjö
Í skóginum stóð kofi einn (tvö erindi)
Það á að gefa börnum brauð